

# Húsreglur fyrir Nemendagarða Hólaskóla

1. Íbúum er skylt að ganga þrifalega um íbúðir og lóðir Nemendagarða og sýna sjálfsagða hirðusemi. Óheimilt er að negla í veggum íbúða og reykingar eru með öllu óheimil í íbúðum Nemendagarða. Rusl skal ekki geymt við húsdýr heldur flokkað og komið í þar til gerða aðstöðu. Óheimilt er að geyma númerslausa bíla, hestakerrur, dekk og annað þess háttar fyrir utan húsin. Dóti við innganga að íbúðum skyldi halda í lágmarki.
2. Leigjendur skulu hafa hugfast að valda öðrum íbúum Nemendagarða sem minnstu ónæði og óþægindum. Milli kl. 24:00 og 07:00 skal ríkja kyrrð í húsnæðinu. Leitað skal eftir samþykki næstu nágretta ef um sérstakar upptökur er að ræða s.s. party og veislur sem raskað geta ró þeirra eftir kl. 24:00. Verði misbrestur á þessu er stjórn nemendagarða heimilt að veita leigjanda skriflega áminningu. Við ítrekuð brot er stjórn nemendagarða heimilt að rifta samningi viðkomandi leigjanda og skal hann þá skila húsnæði samkvæmt reglu nr. 5.
3. Dýrahald er háð sérstökum skilyrðum í húsnæði og á lóðum Nemendagarða, er þá átt við hunda, ketti, kanínur, og önnur þau dýr er geta valdið ofnæmi, skemmdum á húsnæði og/eða ónæði. Sjá „**Reglur um dýrahald í Nemendagörðum Hólaskóla**“ Verði vanefndir á þessu er stjórn Nemendagarða heimilt að nýta ákvæði 5.gr. í reglum um dýrahald, varðandi riftun samnings.
4. Íbúum er skylt að gera umsóknarmönnum Nemendagarða strax viðvart um bilanir eða ef skemmdir verða á húsnæði eða búnaði þess, í tölvupósti á netfangið [vidhald@holar.is](mailto:vidhald@holar.is) eða í sínum 860-9740 og 860-9743.
5. Við brottflutning úr húsnæði skal íbúðinni, og öðru því sem tilheyrir skilað vel þrifnu, samkvæmt þrifalýsingu. Sjá „**Gátlisti vegna þrifa á íbúðum nemendagarða Hólaskóla**“ Við lykklaskil er húsnæðið tekið út, að leigjanda viðstöddum. Úttekt skal fara fram á dagvinnutíma, nema um annað sé samið. Tryggingagjald leigjanda er einungis endurgreitt til fulls sé ljóst að vel hafi verið staðið að þrifum og að íbúðin ásamt nánasta umhverfi sé í viðunandi ástandi. Ef upp kemur misbrestur á þessum atriðum mun allur tilfallandi kostnaður við úrbætur á þeim dreginn af tryggingargjaldinu. „Sjá **Gjaldskrá Nemendagarða**“.

*Nemendagarðar Hólaskóla ses.*